



Starfsskýrsla Æskulýðsnefndar Fáks 2017 - 2018



INNGANGUR

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Fáks starfsárið 2017-2018 var skemmtilegt og viðburðarríkt. Hópurinn í Fáki er bæði fjölmennur og breiður. Þar eru krakkar á öllum aldri og á öllum stigum hestamennskunar. Æskulýðsnefndin reyndi því að bjóða uppá dagskrá þar sem allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi.

Æskulýðsnefnd Fáks var skipuð eftirfarandi:

Ásbjörn Arnarsson

Ástvaldur Sigurðsson

Hildur Gunnarsdóttir

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Þórunn Eggertsdóttir, formaður

VIÐBURÐIR

Það hefur ýmislegt verið aðhafst þennan veturinn og verða hér á eftir taldir upp helstu viðburðir:

UPPSKERUHÁTÍÐ ÆSKUNNAR

Æskulýðsnefndin hélt Uppskeruhátíð Æskulýðsdeildar Fáks þann 7. desember 2017 í veislusal TM Reiðhallarinnar. Hátt í hundrað þrúðbúin börn og unglingar, pabbar og mömmur, afar og ömmur mættu. Hefð er fyrir því að á hátíðarkvöldinu sé kvöldverður, fræðsla, skemmtiatriði og verðlaunaafhending og engin breyting varð á því þetta árið.

Kvöldið hófst á því að hinn frækni Fáksmaður Sigurður Vignir Matthíasson sagði frá sinni hestamennsku allt frá því að hann hóf sinn feril sem 7 ára skítmokari og kembari, til dagsins í dag. Það var mjög skemmtilegt að hlusta á Sigga fara yfir sinn glæsta feril og fengu gestir kvöldsins að heyra margar góðar sögur.

Því næst reiddi Æskulýðsnefndin fram dýrindis pizzuveislu og með því. Við mikla gleði aldurshópsins.



Verðlaunaafhendingin var á sínum stað og var það formaður Fáks sem afhenti öllum börnunum sem mætt voru, viðurkenningu fyrir þátttöku sína í starfi Fáks árið 2017 með hvatningu um að stunda hestamennskuna af krafti áfram. Það var ólýsanlegt stolt sem skein úr augum allra sem þarna stóðu.

Þarna voru krakkar á öllum aldri og sem öll tóku þátt í starfi Fáks, hvort sem það var 14 ára keppnisknapinn eða 5 ára pollaknapinn sem var svo duglegur á hreinsunardaginn.


Íþróttamenn Fáks 2017 í barna og unglingaflokki voru verðlaunaðir, ein stúlka og einn drengur í hvorum flokki. Í barnaflokki voru það Eygló Hildur Ásgeirsdóttir og Matthías Sigurðsson og í unglingaflokki voru það Ylfa Guðrún Svafarsdóttir og Hákon Dan Ólafsson.

Toppurinn var síðan að mati margra, endir hátíðarinnar, þegar rapparinn Chase steig á svið ásamt tveimur félögum sínum og krakkarnir tóku vel undir. Þau voru öll sammála um að „njódda og liffa“.



HESTANAMMIGERÐ

Góður hittingur var í Guðmundarstofu, í Félagsheimili Fáks fyrir hádegi þann 4. mars þar sem rúmlega 30 krakkar mættu ásamt foreldrum eða ömmum og öfum til að búa til hestanammi. Allir fengu hráefni, settu í stóra skál, hnoðuðu og bjuggu til litlar kúlur sem settar voru á bökunarplötur. Á meðan nammið var í ofninum, skreyttu krakkarnir fötur fyrir nammið, gæddu sér á ávöxtum og spjölluðu mikið. Yndisleg stund sem verður klárlega endurtekin á komandi vetri.



PÁSKABINGÓ

Páskabingó Æskulýðsnefndar Fáks var haldið í veislusal TM Reiðhallarinnar þann 27. mars. Bingóið er orðinn árlegur viðburður og bíða margir í eftirvæntingu eftir því kvöldi. Það var gaman hve margir mættu á þetta æsispennandi kvöld en þar var setið á hverjum einasta stól. Fullorðnir gestir voru ekki minna spenntir en börnin enda vinningarnir stórglæsilegir. Stundum mátti heyra saumnál detta þegar beðið var eftir réttu tölunum, svo mikill var spenningurinn. Það ber að þakka þeim fyrirtækjum sem styrktu deildina með flottum vinningum en það voru: Ásbjörn Ólafsson heildverslun, Ástund, Equsana, Fákaland, Hestar og menn, Íslandsbanki, Kólus, Lífland og Sportís. Bingókvöldið endaði með pizzuveislu fyrir alla í boði Æskulýðsdeildar. Þetta var skemmtilegt kvöld í góðum æskulýðsanda.



FÁKSGALLAR

Æskulýðsnefndin stóð fyrir því að panta æfingagalla í Fákslitum, sem öllum Fáksmönnum stóð til boða að kaupa. Þetta voru svartar vinsælar íþróttabuxur og blá íþróttapeysa merkt Fáki á bakinu. Það voru margir sem nýttu sér þetta tilboð, bæði fullorðnir og börn. Gaman var að sjá hversu margir voru í peysunum á stórmótum sumarsins, hvort sem það voru keppendur eða aðrir áhorfendur.

NÁMSKEIÐ

Fákur heldur ýmis námskeið fyrir félagsmenn sína og var margt í boði þennan veturinn þar sem börn, unglingar og ungmenni gátu tekið þátt í. Knapamerkjanámskeið var á sínum stað, reiðnámskeið þar sem var boðið uppá einkatíma og paratíma allan veturinn, sirkusnámskeið með Ragnheiði Þorvalds og fleira.


POLLARNIR

Pollastarf Fáks hefur verið mjög öflugt síðustu ár og erum við í nefndinni hreykin af því. Það var Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Anna Lauga, sem hafði umsjón með þessum flotta hópi, á vikulegu námskeiði eins og síðustu ár. Hún hefur einstakt lag að ná til barnanna og gerir hvern hitting skemmtilegan og áhugaverðan. Námskeiðið hófst í lok janúar og var til vors.

Anna Lauga skipuleggur námskeiðið skemmtilega, þar sem fimi- og jafnvægisæfingar eru fléttaðar saman við almenna reiðkennslu sem kennd er í gegnum leik og þrautir. Anna Lauga notast við ýmis leiktæki og áhöld sem eru ekki notuð í hestamennsku hjá hinum almenna reiðmanni. Skemmtilegt er að sjá þessa flottu framtíðarknappa hefja kynni sín af hestinum og byrja sína reiðmennsku með bros á vör.



KEPPNISNÁMSKEIÐ VIGDÍSAR MATT



Við eins og önnur hestamannafélög eigum félagi sem eru atvinnumenn út um allan heim. Vigdís Matthíasdóttir er uppalin í Fáki og býr nú í Svíþjóð ásamt fjölskyldu. Vigdís hefur glæstan keppnisferil að baki sér í lagi í barna og unglingaflokki. Hún vann lengi vel í Reiðskóla Reykjavíkur. Vigdís nær einstaklega vel að útskýra fyrir krökkum og leiðbeina þeim.

Fákskrakkarnir lentu í lukkupottinum í vetur þar sem að Vigdís bauð uppá tvö helgarnámskeið, annað var 27.-28. janúar og hitt 21.-22. apríl. Námskeiðið var lagt upp sem keppnisnámskeið, en auðvitað öllum opið og fékk hver krakki einkatíma á laugardegi og sunnudegi.

Einnig fylgdust þau með hvort öðru. Mikil ánægja var með þetta námskeið og komust færri að en vildu.

ALLA LEIÐ Á LANDSMÓT 2018

Keppnisnámskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni sem stefndu á Landsmót hófst í byrjun maí og tókst það vel í alla staði. Kynningarfundur var haldinn í upphafi og skráning í framhaldinu. Námskeiðið var skipt í tvennt, annað fyrir Gæðingaúrtöku Fáks og hitt eftir úrtöku og opið öllum. Reiðkennararnir tóku út knapa og hesta, meta styrkleika og veikleika og vinna út frá því og þeim markmiðum sem knapinn setti sér. Kennarar voru Anna Valdimarsdóttir, Friðfinnur Hilmarsson og Fredrica Fagerlund. Nemendur fengu 2 einkatíma í viku og nýttu þeir einnig gott aðgengi að kennurum í reiðtúrum á Fákssvæðinu.

Á Landsmóti fylgdu reiðkennarar nemendum sínum alveg eftir í allri keppninni, í braut og tóku á móti þeim úr braut. Það var gaman að sjá hvað krökkunum fór mikið fram á þessum stutta tíma, aukin reiðfærni og sjálfstraust knapanna eflist svo eftir var tekið. Enda voru knapar sem tóku þátt á Landsmóti fyrir hönd Fáks, sem í maíbyrjun óraði ekki fyrir þeim möguleika.

FÁKAR OG FJÖR

Hestaíþróttaklúbbur sem gengur undir nafninu Fákar og fjör hefur verið starfræktur í Fáki í 5 ár. Stofnendur og umsjónarmenn klúbbsins eru Sif Jónsdóttir og Karen Woodrow, en þær eru báðar menntaðir reiðkennarar frá Háskólanum á Hólum, og eiga þær mikið hrós fyrir dugnað og góða umsjón þessa klúbbs.

Aðalmarkmið klúbbsins er að gera börnum og unglingum í Fáki kleift að stunda hestamennsku á ársgrundvelli undir handleiðslu þjálfara líkt og aðrar íþróttir bjóða uppá. Þannig má auka færni, þekkingu og félagsleg tengsl barna og unglinga innan hestamannafélagsins Fáks.



Mikil þátttaka er í hestaíþróttaklúbbum hvort sem það eru börn eða unglingar sem hafa aðgang að sínum eigin hesti eða nýliðar sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku. Á haustönn hafa krakkarnir hesta sína í félagshesthúsi Fáks og taka þátt í allri umhirðu og fóðrun. Á vorönn eru þau ýmist í félagshesthúsinu eða sínu eigin. Þau sækja fjölbreyttar æfingar að jafnaði 2-3 sinnum í viku og geta þreytt próf í knapamerkjum á tímabilinu. Kennsla fer fram með ýmsu móti, t.d. verklegir eða bóklegir tímar, reiðtúrar, sýnikennsla og vettvangsferðir. Mikil áhersla er lögð á að hver nemandi fái kennslu við hæfi sem hentar getustigi og áhugasviði hvers og eins.

MÓT OG SÝNINGAR

ÆSKAN OG HESTURINN

Hin árlega sýning Æskan og hesturinn var haldin sunnudaginn 29. apríl í TM reiðhöllinni í Víðidal og voru þær tvær að venju. Sýningin var glæsileg að vanda og öll atriði fagmannlega unnin. Hópar ungra hestamanna frá hestamannafélögum á





höfuðborgarsvæðinu sýndu fjölbreytt atriði sem þeir æfðu í hverju félagi fyrir sig. Á sýningunni komu fram framtíðarknappar landsins og sýndu afrakstur vetrarstarfsins. Margir Fákskrakkar á öllum aldri tóku þátt í ýmsum atriðum. Æskulýðsnefnd Fáks kom að þessum viðburði með skipuleggjendum sýningarinnar og öðrum Æskulýðsnefndum.

LÍFLANDSMÓTIÐ

Einn af stóru viðburðunum okkar í Æskulýðsnefnd Fáks er Líflandsmótið og var það haldið þann 15. apríl. Knappar mættu þrúðbúnir og einbeittir til leiks. Þeir voru stundvísir og sýndu faglegar og fallegar sýningar. Lífland hefur stutt þetta mót okkar í Fákí í yfir 20 ár og erum við þeim afar þakklát. Nokkuð margar keppnisgreinar voru í boði t.d. T3 og T7 í barna- og unglingaflokki og V2 og V5 í barnaflokki. Við í nefndinni teljum að það sé skortur á léttari keppnisgreinum á þeim stærri mótum sem haldin eru. Enda kom það í ljós að mikil ánægja var með T7 og V5 og þarf að huga vel að þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppni.

Við erum þakklát þeim sjálfboðaliðum sem hjálpuðu okkur að gera Líflandsmótið skemmtilegt og flott mót. Var þetta 22. árið í röð sem Æskulýðsnefnd Fáks heldur Líflandsmótið og erum við stolt af því.



ÝMIS MÓT OG KEPPNIR

Á félagssvæðinu eru haldin ýmis mót sem pollar, börn og unglingar í Fáki geta tekið þátt í. Pollaflokkurinn, teymdir og ríðandi, er í boði á nánast öllum mótum sem haldin eru og er þessi flokkur með þeim fjölmennustu. Vetrarleikar eru á sínum stað í dagskrá Fáks. Firmakeppnin var haldin hátíðlega á sumardaginn fyrsta og eru margir sem hafa þann skemmtilega sið að taka þátt í hvítum reiðbuxum og félagsjakka. Meistaradeild Líflands og æskunnar var skemmtileg liðakeppni og mótaröð, þar sem margir Fákshóttar voru þátttakendur og var það einn þeirra, Ylfa Guðrún Svafarsdóttir sem vann einstaklingskeppnina. Í boði voru mörg önnur mót fyrir börn og unglinga t.d. Tölmót Skalla Ögurhvarfi og Fáks þar sem eingöngu var keppt í T7 í öllum flokkum og tókst afar vel til. Síðast en ekki síst Reykjavíkumeistaramótið og Gæðingamót Fáks.

Þetta árið var keppnisáhuginn mikinn hjá Fákshóttum þar sem margir höfðu hug að keppa á Landsmótinu sem haldið var á félagssvæðinu.



LANDSMÓT HESTAMANNA 2018



Æskulýðsnefnd Fáks eins og aðrir Fákshóttar, er afar stolt af Landsmóti hestamanna sumarið 2018. Ekki aðeins af umgjörð mótsins og svæðisins heldur einnig af krökkunum okkar. Metnaðurinn og áhuginn var mikill hjá unga fólkinu okkar og stóðu sig allir með þrýði. Eftir forkeppni voru 8 börn, 3 unglingar og 5 ungmenni sem tryggðu sér þátttöku í milliriðla.

Við áttum síðan Fáksfélaga í A og B úrslitum í barna-, unglinga- og ungmennaflokki. Góður árangur það.

Æskulýðsnefnd Fáks var í mikilli samvinnu við stjórnendur Landsmótsins um afþreyingu fyrir krakka og barnadagskrá á mótinu. Fyrst ber að nefna fyrsta dag mótsins sem var svo kallaður, Fjölskyldudagur þar sem var mikil dagskrá fyrir börn og frítt inn á mótið. Okkur finnst hafa tekist afar vel til og var mjög fjölmennt þann dag. Við fengum reiðskólana, Reiðskóla Reykjavíkur og Faxaból í lið með okkur og var þar teymt undir börnum.



Vinsælir tónlistarmenn komu og tróðu upp og var ball fyrir börnin í mathöll reiðhallarinnar um kvöldið. Hoppukastalar og leiktæki voru á svæðinu. Leikhópurinn Lotta sýndi úr leiksýningu og margt fleira.



Á meðan á Landsmótinu stóð var barnaleiktjaldið afar vinsæll staður. Það var staðsett beint fyrir ofan aðalkeppnisvöllinn og gátu foreldrar horft á keppnisvöllinn með öðru auganu og á barnið sitt leika sér með hinu. Í tjaldinu var hægt að vera í róleigheitum að horfa á teiknimynd, kubba, lita, lesa og spjalla. Fyrir utan tjaldið var sandhaugur þar sem oft voru miklar byggingar í gangi með skóflum og fötum og voru börnin sem þar voru ein af fáum sem voru hæstánægð þegar rigndi. Lítill fótboltavöllur var einnig fyrir utan tjaldið og varð leikurinn oft ævispennandi þar sem oftast þurfti dómara til að skakka leikinn. Arion banki gladdi marga þegar þeir komu og voru með leikinn, „Hittu í mark“ og fyrir þá sem hittu, fengu þeir glæsilegan fótbolta í gjöf. Almenn ánægja var með barnasvæðið og var það mikið notað.



ÍSLANDSMÓT BARNA, UNGLINGA OG UNGMENNA

Íslandsmót yngri flokka og fullorðinna 2018 var haldið á félagssvæði Fáks af hestamannafélaginu Spretti og voru margir Fákskrakkar sem tóku þátt. Þetta var skemmtilegt mót og var hestakostur eins og best verður á kosið.



Krakkarnir í Fáki stóðu sig mjög vel, þau röðuðu sér í öll úrslit og oftari en ekki fleiri en eitt. En við eignuðumst nokkra Íslandsmeistara:

Ylfa Guðrún Svafarsdóttir Íslandsmeistari í Fimmgangi ungmenna

Arnór Dan Kristinsson Íslandsmeistari í Tölti og í samarlögðum fjörgangsgreinum ungmenna

Hákon Dan Ólafsson Íslandsmeistari í Gæðingaskiði unglínga

Sölvi Karl Einarsson Íslandsmeistari í samarlögðum fimmgangsgreinum ungmenna

FÁKSUNGMENNI Á NM 2018

Gaman er að segja frá því að Fákur átti nokkra þátttakendur í yngri flokkum á Norðurlandamótinu í Svíþjóð í sumar. Krakkarnir stóðu sig öll með þrýði og óskum við þeim til hamingju.

Arnór Dan Kristinsson keppti í ungmennaflokki og tryggði sér gullverðlaun í Tölti, gull í samarlögðum fjörgangsgreinum og silfur í fjörgangi.

Hákon Dan Ólafsson tryggði sér silfur í 250m skiði ungmenna og fimmti í 100m skiði í sama flokki.

Selma Leifsdóttir varð fjórða í gæðingakeppni unglínga.

Arnar Máni Sigurjónsson varð fimmti í gæðingakeppni unglínga.

Ylfa Guðrún Svafarsdóttir varð fimmta í gæðingakeppni ungmenna.

FÁKSUNGMENNI Á YOUTHCUP 2018

Úr Fáki komu 2 af þeim 9 ungmönnum sem fóru á YouthCup þetta árið fyrir Íslandshönd. Það voru þau Eygló Hildur Ásgeirsdóttir og Dagur Ingi Axelson. 80 krakkar á aldrinum 14-17 ára, frá sem flestum aðildarfélagum FEIF voru saman í eina viku þar sem þau þjálfu hesta sína undir leiðsögn kennara og skemmta sér saman. YouthCup var haldið þetta árið í Svíþjóð. Frábært tækifæri til að öðlast nýja reynslu í hestamennskunni.



LOKAORÐ OG ÞAKKIR

Æskulýðsnefnd Fáks horfir til baka með þakklæti og stolti. Árið 2018 var mjög viðburðarríkt og skemmtilegt. Stærsti viðburðurinn okkar í Faki var eins og flestir vita Landsmót hestamanna. Vinnan í kringum það var mikil en afar skemmtileg. Það voru margir sem komu að undirbúningi og get ég stolt sagt að Fáksmenn eru viljugir sjálfbóðaliðar en láta vel að stjórn. Krakkarnir okkar tóku einnig þátt hvort sem það var á hreinsunardegi, planta blómum, leggja gólf á reiðhöllina og í tjöldin, raða stólum og öðrum húsgögnum, veita verðlaun og fleira. Ég held þau hafi verið stoltari fyrir vikið, þegar þau buðu aðra krakka velkomna á félagssvæði sitt.

Við viljum þakka öllum þeim sem studdu okkur og styrktu í vetur með vinnuframlagi eða í formi gjafa. Það væri ekki hægt að halda uppi skemmtilegu vetrarstarfi fyrir krakkana okkar án ykkar. Við kveðjum árið 2018 og hlökkum til að vinna með Fákskrökkunum árið 2019, sem verður án efa skemmtilegt og fjölbreytt.

Ljóst er að framtíð hestamennskunnar er björt.

Kær kveðja,

F.h. Æskulýðsnefndar Fáks

Þórunn Eggertsdóttir